

LÖG**um brottfall laga um kirkjubyggingasjóð,
nr. 21 18. maí 1981.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Kirkjubyggingasjóður, sem starfar á grundvelli laga nr. 21 18. maí 1981 og stofnaður var með lögum nr. 43 14. apríl 1954, skal lagður niður og renna í Jöfnunarsjóð sókna, sem starfar á grundvelli laga um sóknargjöld o.fl., nr. 91 29. desember 1987.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Frá sama tíma falla brott lög um kirkjubyggingasjóð, nr. 21 18. maí 1981.

*Gjört á Bessastöðum, 16. apríl 2002.***Ólafur Ragnar Grímsson.**
(L. S.)

*Sólveig Pétursdóttir.***LÖG****um breyting á lögum um kirkju- og manntalsbækur (sálnaregistor),
nr. 3 12. janúar 1945.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

4. másl. 2. gr. laganna orðast svo: Íslenska þjóðkirkjan og önnur skráð trúfélög skulu greiða fyrir kirkju- og manntalsbækur sem þau færa.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört á Bessastöðum, 16. apríl 2002.***Ólafur Ragnar Grímsson.**
(L. S.)

Sólveig Pétursdóttir.